

# Samantekt úr OECD Education at a Glance 2012.

## Formáli

Efnahags og framfarastofnunin OECD gefur árlega út skýrslu um stöðu menntamála í aðildarríkjum stofnunarinnar, Education at a Glance. Skýrslan skiptist í fjóra meginhluta, A, B, C og D, sem hver um sig samanstendur af nokkrum undirköflum. Fyrst hlutinn, A, fjallar um menntunarstöðu þjóða, þeim árangri sem náðst hefur við að mennta þjóðina og þau áhrif sem menntun hefur á efnahagslífið. Í B hluta eru upplýsingar um útgjöld til menntamála, hvernig útgjöldum er ráðstafað og hvers konar fjárhagsstuðning nemendur fá. Í C hluta er fjallað um eftirsókn eftir menntun og sambandið milli menntunar og atvinnuþátttöku, og í D hluta er fjallað um skipulag skólastarfs og laun kennara. Kaflaheitin vísa í samsvarandi kafla í EAG 2012. Einnig eru skýringarmyndir til nánari útskýringar sem eru ekki í skýrslunni en eru unnar upp úr töflum.

Flestar tölur miða við 2010, nema í B kafla um fjármál þar sem viðmiðunarárið er 2009. Tölur um fjármál eru gefnar upp í Bandaríkjadollurum (USD).

## A. Árangur menntakerfisins og efnahagsleg áhrif menntunar.

### A1. Menntunarstaða þjóðarinnar.



Framhaldsskólamenntun er orðin almenn meðal aðildarríkja OECD. Að meðaltali hafa 74% á aldrinum 25-64 ára lokið framhaldsskólaprófi og 82% í yngri aldursflokknum 25-34 ára. En nokkur ríki skera sig úr og Ísland er þar í hópi landa eins og Ítalíu, Grikklands, Mexíkó, Portúgals og Tyrklands. Árið 2010 höfðu 67% í aldursflokknum 25-64 ára lokið framhaldsskólaprófi á Íslandi og í yngsta aldursflokknum, 25-34 ára, var hlutfallið 72%, sem var 10 prósentustigum lægra en meðaltal OECD. Í flestöllum löndum hefur orðið mikil framför í framhaldsskólamenntun, sem sést ef borin eru saman hlutföll framhaldsskólamenntaðra í elsta og yngsta aldurshópnum, sem gefur vísbendingu um hversu miklar framfarir hafi orðið í menntunarstöðu milli kynslóða. Munurinn á yngsta og elsta aldurshópnum hjá nokkrum af þeim löndum, sem hafa lágt hlutfall framhaldsskólamenntaðra, er yfir 30% en á Íslandi er munurinn 17%. Ef yngsti aldursflokkurinn er skoðaður þá höfðu 72% í aldursflokknum 25-34 ára á Íslandi lokið framhaldsskólaprófi og verður að líta til landa eins og Tyrklands, Portúgals, Spánar og Mexíkó til að finna lægri tölur. Á Ítalíu og Grikklandi er hlutfallið hærra en á Íslandi. Ef tölurnar eru skoðaðar eftir kyni þá kemur í ljós að 68% karlmannna á aldrinum 25-34 ára hafa lokið framhaldsskóla samanborið við 77% kvenna. Meðaltal karla í þessum aldursflokki er 12 stigum lægra en OECD meðaltalið og hjá konum 6 stigum lægri. Það sem vekur athygli í íslensku tölunum er að það er tiltölulega líttill munur á menntunarstigi karla milli aldursflokka. Þannig höfðu 63% karla á aldrinum 55-64 ára lokið framhaldsskóla sem er 5 stigum lægra en í yngsta aldursflokknum. Sambærilegur munur hjá konum er 30 stig en 47% kvenna á aldrinum 55-64 ára höfðu lokið framhaldsskóla sem er lægra en hjá körlum í sama aldursflokki en yngsta aldursflokknum er hlutfallið 77% og umtalsvert hærra en hjá körlum. Þannig hefur sú framför sem hefur orðið á menntunarstöðu landsmanna að mestu orðið vegna aukinnar menntunar kvenna. Það er umhugsunarvert að menntunarstaða karla í elsta aldurshópnum, sem voru 16 ára á sjöunda áratug síðustu aldar, þegar aðeins 4 menntaskólar voru starfræktir í landinu og skólasókn var mun minni, skuli ekki vera svo miklu lakari en yngsta hópsins þar sem skólasókn við 16 ára aldur er yfir 90%.

Ef tekið er mið af þeirri þróun sem hefur orðið á undanförunum árum og áratugum þá má gera ráð fyrir því að konur eigi eftir að bæta menntunarstöðu sína á meðan að menntunarstaða karla stendur í stað eða batnar afar hægt. Íslendingar mun því eiga erfitt með að standast samanburð við þær þjóðir sem taka stórstígum framförum við að bæta menntun þegna sinna, því aukning í menntun kvenna á

Íslandi mun ekki duga ein og sér til að bæta menntunarstöðu þjóðarinnar á meðan að menntunarstaða karla batnar ekki hraðar.


Meðal OECD landa þykir það ásættanlegt viðmið að ekki færri en 80% á aldrinum 25-64 ára hafi lokið framhaldsskólamenntun. Nú þegar hafa 12 af 34 aðildarríkjum OECD náð því markmiði og hjá öðrum 13 er hlutfallið yfir 70%. Ef litið er til aldurshópsins 25-34 ára þá hafa 27 af 34 þjóðir náð því marki.

**Chart A1.2. Population that has attained upper secondary education<sup>1</sup> (2010)**  
Percentage, by age group




Ef menntunarstaða Íslendinga er borin saman við Norðurlöndin kemur í ljós að hún er talsvert frábrugðin. Mestu munar um fjölda þeirra sem hafa ekki lokið framhaldsskólaprófi, en einnig er áberandi að stærri hluti hefur lokið framhaldsskólaprófi, t.d. í Danmörku hafa áberandi fleiri lokið framhaldsskólaprófi eða 42% samanborið við 34% hér á landi. Sömuleiðis hafa 24% Dana ekki lokið

prófi eftir grunnenntun sem er 9 prósentustigum lægra en á Íslandi. Lægst er hlutfallið 13% í Svíþjóð. Af þessum samanburði má sjá að á hinum Norðurlöndunum þá ljúka fleiri prófi eftir grunnskóla en á Íslandi, en það eru ekki endilega svo mikið fleiri sem halda áfram og ljúka háskólaprófi, t.d. er hlutfall háskólamenntaðra svipað í Danmörku. Ein skýringin gæti verið umtalsvert hærra brottfall úr framhaldsskóla á Íslandi í samanburði við Norðurlöndin.



Í öllum aðildarríkjum OECD hefur þróunin verið í þá átt að hlutfall fólks á fullorðinsaldri sem hefur aðeins lokið grunnenntun hefur farið lækkanði. Í skýrslunni má sjá að miklar breytingar hafa orðið hér á landi frá 1997. Um síðustu aldamót voru 45% á aldrinum 25-64 ára með grunnenntun en hafði lækkað niður í 33% árið 2010. Samsvarandi tölur innan OECD er 36% að meðaltali árið 2000 og 26% árið 2010. Að sama skapi hefur hlutfall þeirra sem hafa lokið háskólamenntun hækkað. Sóknaráætlunin 20/20 setti það markmið að árið 2020 yrði hlutfall fólks með grunnskólapróf komið niður undir 10%. Ef gert er ráð fyrir því að þróunin fyrsta áratug aldarinnar haldi áfram næsta áratug til 2020 þá verður hlutfall fólks með grunnskólapróf orðið í kringum 22% og með háskólamenntun um 42%. Hlutfall þeirra sem hafa lokið framhaldsskólaprófi hefur haldist tiltölulega stöðugt á árunum 2000 til 2010, sem þýðir að fjölgunin í hópi þeirra sem ljúka framhaldsskóla skilar sér í fjölgun í hópi þeirra sem halda áfram og ljúka háskólaprófi.




Þrátt fyrir að menntunarstaðan hafi batnað jafnt og þétt frá aldamótum þá þýðir það ekki að staða Íslands hafi endilega batnað í samanburði við önnur OECD ríki. Taflan hér að neðan sýnir hvar á listanum Ísland lendir þegar skoðað er hlutfall þeirra sem hafa aðeins lokið grunnskóla, raðað á hverju ári frá minnsta hlutfallinu til þess hæsta. Gulir ferningar tákna Ísland og bláir meðaltal OECD. Árið 2000 var Ísland í 26. sæti þegar hlutfallið var 45% og jafnvel þótt hlutfallið væri komið niður í 33% árið 2010 þá féll Ísland samt um eitt sæti á listanum. Til samanburðar má sjá þróunina á Írlandi sem er táknað með grænum ferningum og sem var með hærra hlutfall grunmenntaðra í 28. sæti árið 2000 en var komið með mun lægra hlutfall en Ísland í 21. sæti og nærri meðaltali OECD árið 2010. Fyrir neðan Ísland á listanum eru lönd eins og Ítalía, Spánn, Portúgal, Grikkland, Tyrkland og Mexíkó. (Tafla A1.4. Ath. að myndin er ekki úr skýrslunni.)

**Þróun menntunarstöðu grunmenntunar og röðun innan hvers árs hjá Íslandi, Írlandi og OECD 2000 - 2010**

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
1	12	12	12	12	11	10	10	9	9	9	8
2	13	12	12	12	11	11	11	11	10	9	9
3	14	14	13	13	12	12	12	11	11	11	11
4	15	14	14	13	12	12	12	12	12	11	11
5	16	15	14	14	13	15	14	13	13	12	11
6	16	15	15	15	15	15	14	14	13	12	12
7	18	17	17	16	16	15	15	14	13	13	13
8	19	18	17	17	16	17	17	16	15	15	14
9	20	19	19	17	16	17	17	16	16	15	14
10	20	19	19	18	18	19	18	18	18	17	17
11	21	20	19	18	19	19	18	19	19	18	17
12	21	20	20	19	20	20	20	20	19	18	18
13	23	23	22	21	20	21	20	20	19	18	18
14	24	23	23	22	21	21	20	21	19	19	19
15	27	26	25	24	22	23	21	21	20	19	19
16	31	30	29	26	25	24	22	22	21	20	20
17	32	30	29	27	26	24	23	26	26	23	22
18	35	34	32	31	29	28	28	27	27	25	24
19	35	35	33	32	30	30	29	28	28	26	25
20	37	36	34	33	33	32	29	28	28	27	26
21	37	36	35	35	34	33	31	29	28	27	27
22	37	37	36	35	34	33	33	32	30	28	27
23	41	41	38	38	36	34	33	32	30	28	27
24	41	41	39	38	36	34	33	32	30	29	27
25	44	43	39	38	37	35	34	32	31	29	29
26	45	45	40	40	37	35	34	34	32	30	30
27	51	47	41	41	39	37	37	36	36	34	33
28	54	50	48	47	44	43	41	40	39	39	35
29	58	57	56	52	51	50	49	48	47	46	45
30	62	60	59	57	55	51	50	49	49	48	47
31	71	70	70	70	69	68	68	67	66	65	64
32	77	76	75	74	73	72	71	70	70	69	68
33	81	80	79	77	75	74	72	73	72	70	69

Ísland
  Írland
  OECD meðaltal

Ef sá hópur er skoðaður sérstaklega sem hefur lokið framhaldsskólaprófi en ekki háskólaprófi eftir framhaldsskóla þá kemur í ljós að mikill meirihluti þeirra hafa starfs- og verkgreinanám að baki í framhaldsskóla. Einn af hverjum þremur höfðu útskrifast af stúdentsprófsbrautum á Íslandi en hlutfallið var enn lægra á Norðurlöndunum þar sem það er einn af hverjum fjórum eða færri.




## A2. Hversu margir ljúka framhaldsskóla?

Til að svara spurningunni hversu margir ljúka framhaldsskóla þarf að gæta að því að fólk tekur mismunandi langan tíma til að ljúka námi og gerir það á mismunandi tímum ævinnar. Þetta á sérstaklega við um íslenska framhaldsskólanemendur, þar sem fólk á öllum aldri stundar nám í framhaldsskóla, sumir í fyrsta sinn og aðrir til að bæta við sig starfsréttindum. OECD stendur líka frammi fyrir þeim vanda að bera saman brautskráningar hjá þjóðum þar sem mikill munur er á mannfjölda.


Skýrslan notar þess vegna tvær leiðir til að svara spurningunni, með því annars vegar að áætla hversu stór hluti tiltekins árgangs er líklegur til að ljúka framhaldsskólaprófi *einhvern tímann á ævinni*, hins vegar að mæla hversu stór hluti innritunarárgangs lýkur framhaldsskólaprófi *innan ákveðinna tímamarka*. Fyrri mælikvarði er kallaður brautskráningarhlutfall (*graduation rate*) og hið síðara námshlutfall (*completion rate*).

Það má líta á brautskráningarhlutfallið sem spá um framtíðarhorfur þess árgangs sem innritaðist árið 2010 miðað við fyrirliggjandi gögn um aldersdreifingu þeirra sem luku framhaldsskólaprófi 2010. Eins og kom fram í A.1 þá er hlutfall þeirra sem hafa lokið framhaldsskólaprófi frekar lágt á Íslandi. Útreikningar á brautskráningarhlutfalli sýna aftur á móti að 88% innritunarárgangs mun væntanlega ljúka framhaldsskólaprófi einhvern tímann á ævinni. Þetta er næsthæsta hlutfall á Norðurlöndunum, aðeins í Finnlandi er hlutfallið hærra. Ísland sker sig aftur á móti úr að því leyti að mjög stór hluti þeirra sem útskrifast með framhaldsskólapróf í fyrsta sinn gera það eftir 24 ára aldur, eða 18,3% af þeim sem innritast, sem er um 20% af öllum brautskráningum. Til samanburðar þá er brautskráningarhlutfallið í Noregi 87% og 12% ljúka prófi eftir 24 ára aldur.




Brautskráningarhlutfallið fyrir viðbótarnám eftir framhaldsskóla (ISCED 4C) er 11%. Erfitt er að bera þetta saman við OECD því sum lönd eru ekki með viðbótarstig eða hafa ekki gögn um það, en hjá öðrum löndum er hlutfallið frá 3% uppi 23%.

Varasamt er að draga of miklar ályktanir af þessum tölum, því brautskráningarhlutfallið getur breyst mikið milli ára og getur orðið óeðlilega hátt eða lágt við breytingar innan skólakerfsins, á mannfjölda eða ef sókn eftir námi eykst tímabundið. Næsta mynd sýnir þróun brautskráningarhlutfallsins á Íslandi og OECD frá 1995 til 2010. Þrátt fyrir sveiflur þá hefur það hækkað á Íslandi á tímabilinu, heldur meira en að meðaltali innan OECD.




Ef þróun brautskráningarhlutfalls er svo skoðuð eftir námsleiðum, þ.e. af bóknáms- og starfsnámsbrautum, sést að aukningin er fyrst og fremst í brautskráningum af bóknámsbraut á meðan brautskráningarhlutfallið af starfsnáms og verkgreinabrautum stendur í stað.




Hin leiðin, sem OECD notar til að svara spurningunni um hversu margir ljúki framhaldsskóla, er að fylgja tilteknum innritunarárgangi eftir og taka stöðuna eftir ákveðinn árafjölda og skoða hversu margir hafa brautskráðst, annars vegar á þeim tíma sem áætlað er að námið taki (4 ár á Íslandi) og svo aftur tveimur árum seinna (6 ár). Þessi mælikvarði er athyglisverður af nokkrum ástæðum; hann sýnir hversu ljúka á tilskildum tíma, auk þess að gefa til kynna brottfall úr framhaldsskóla og slakt námsgengi.

Ef brautskráningarhlutfallið er frekar hátt á Íslandi í samanburði við önnur OECD lönd þá er námsgengishlutfallið á hinn bóginn mjög lágt. Hagstofan fylgdi eftir nýnemum sem innrituðust haustið 2003 og skoðaði svo eftir fjögur ár hversu margir höfðu lokið prófi, hversu margir höfðu horfið frá námi (voru hvergi skráðir í skóla) og hversu margir voru enn skráðir í nám. Það sama var gert eftir sex ára nám.

Mynd A2.4 sýnir að í engu aðildarríki OECD, sem tekur þátt í þessari gagnaöflun, er hlutfall innritunarárgangs, hefur lokið framhaldsskólaprófi á þeim tíma sem ætlast er til, (4 ár á Íslandi) lægra en hér á landi. Hlutfallið á Íslandi er 44% en meðaltal OECD ríkjanna er um 70%. Jafnvel eftir 6 ár þegar 58% hafa lokið framhaldsskólaprófi nær hlutfall brautskráðra á Íslandi ekki brautskráningarhlutfalli flestra landa eftir skemmri tíma.




Samsvarandi könnun var gerð árið áður, en lítil breyting hefur orðið milli ára, eins og sést á næstu mynd, sem er byggð á gögnum Hagstofunnar sem liggja til grundvallar útreikningum OECD. Af henni sést að af innritunarárganginum 2003 þá luku 44% prófi á fjórum árum, 29,6% höfðu horfið frá námi og 26,2% voru enn skráð í skóla. Tveimur árum seinna, sex árum eftir innritun þá höfðu 58,2% lokið prófi, 28% höfðu horfið frá námi án þess að ljúka og 13,6% voru enn skráð í framhaldsskóla án þess að hafa lokið prófi.




Námshæfing á Íslandi er mjög misjafnt eftir kyni. Eftir fjögur ár höfðu 36,3% karla lokið prófi og 51,4% kvenna. Eftir sex ár var hlutfall karla 52,3% og hlutfall kvenna 65,2%. Á sama skapi höfðu talsvert fleiri karlar horfið frá námi eftir fjögur ár og munar þar tíu prósentustigum. Eftir sex ár hafði þriðjungur karla ekki lokið neinu lokaprófi og 15% voru enn skráðir í skóla. Þótt að fleiri konur ljúki prófi á Íslandi í samanburði við karla þá er sama sagan með þær að hlutfallslega færri ljúka prófi eftir fjögur ár en í öðrum löndum.





Í gögnunum er líka greint á milli bóknáms og starfsnáms. Ekki er ýkja mikill munur á hlutfalli brautskráðra, eins og sést á næstu mynd. Eftir fjögur ár höfðu 43,6% lokið námi af bóknámsbrautum og 45,5% af starfsnámsbrautum. Helsti munurinn er á hlutfalli brottfallinna, en eftir fjögur ár höfðu 28,4% þeirra sem innrituðust á bóknámsbrautum horfið frá námi en 32,7% af starfsnámsbrautum og munar þar tæplega fjórum prósentustigum. Eftir sex ár var hlutfallið 26,6% af bóknámsbrautum en 32,1% af starfsnámsbrautum.




Til að draga saman má segja að á Íslandi ljúka færri framhaldsskóla en í flestum öðrum ríkjum Evrópu, sem taka þátt í könnun OECD og Ísland sker sig úr frá öðrum ríkjum í okkar heimshluta að þessu leyti. Leita verður sunnar í álfuna að ríkjum sem eru í svipaðri stöðu. Ísland bætir stöðu sína nokkuð með óvenjustórum hópi nemenda eldri en 25 ára sem ljúka fyrsta lokaprófi á framhaldsskólastigi síðar á ævinni. Þessi stóri hópur eldri nemenda skýrir hið tiltölulega háa brautskráningarlutfall á Íslandi. Áhyggjuefnið eru fyrst og fremst þeir nemendur sem eru yngri en 25 ára. Færri ljúka námi á tilskildum tíma en í nokkru öðru þeirra 23 ríkja, sem tóku þátt í samanburðarkönnun OECD. Innan við 60% hafa lokið lokaprófi framhaldsskóla eftir sex ár. Þriðjungur karla og 23% kvenna hurfu frá námi án þess að ljúka. Jafnvel þótt litið sé til þess að þjóðin hafi verið að bæta menntunarstöðu sína á síðasta áratug þá setur slakt námshengi verulegt strík í reikninginn. Það mun taka mun meiri tíma og vera mun

kostnaðarsamara að bæta menntunarstöðu og samkeppnishæfni þjóðarinnar ef brottfall og slakt námsgengi helst óbreytt áfram. Þar að auki sést af tölum OECD að aðrar þjóðir, sem hafa svipaða eða verri menntunarstöðu hvað varðar hlutfall þeirra sem ekki hafa lokið prófi umfram grunnskóla, eru að bæta menntunarstöðu sína hraðar en Ísland.


### A3. Hversu margir ljúka háskóla?

Brautskráningarhlutfallið í háskólum á Íslandi er 60% og er það hæsta meðal aðildarríkja OECD, og hefur hækkað úr 20% árið 1995. OECD telur að u.þ.b. 39% ungs fólks í dag megi vænta þess að ljúka háskólaprófi einhvern tímann á ævinni. Mikill munur er á brautskráningarhlutfalli eftir kynjum, á Íslandi er það 41% fyrir karla og 80% fyrir konur, enda eru tveir af hverjum þremur háskólanemum konur. Samsvarandi tölur fyrir OECD eru 32% fyrir karla og 47% fyrir konur. Þegar brautskráningarhlutfallið er skoðað eftir aldri sést að 36,5% hlutfallsins er hjá yngri en 30 ára og 23,3% fyrir aldurshópinn eldri en 30 ára. Brautskráningar eldri nemenda eru hvergi hærri en hér á landi.



Hátt hlutfall brautskráninga á Íslandi endurspeglar þá miklu aukningu sem hefur orðið í sókn eftir háskólamenntun, sérstaklega á árunum 1998 til 2006. Þessi mikla aukning hefur verið að koma fram í aukningu í brautskráningum. Tölur Hagstofunnar benda til að dregið hafi úr þessari hröðu aukningu og að sókn í háskólanám sé jafnari milli ára. Á næstu mynd sést að eftir 2006 þá jafnaðist hlutfall brautskráninga eftir stöðuga aukningu frá 1995 til 2006. Til samanburðar sýnir þróunin innan OECD að brautskráningarhlutfallið hafi aukist úr 20% árið 1995 upp í 40% árið 2010.


Ef þróunin er skoðuð eftir kyni þá var hlutfall brautskráninga hjá körlum 33% árið 2005 og var orðið 41% árið 2010, hlutfallið hjá konum var sömuleiðs 33% árið 1995 en hækkaði upp í 80% árið 2010.




**A4. Hver er munurinn á framavonum stráka og stúlkna og hvers konar menntun sækjast þau eftir?**


15 ára stúlkur eru metnaðargjarnari en strákar hvað varðar menntun og framtíðarstörf í aðildarríkjum OECD og það sama gildir um Ísland. Um 60% 15 ára unglunga á Íslandi stefna á störf sem krefjast háskólamenntunar (samkvæmt staðlaðri starfsgreinaflokkun), þar af 67% stúlkna og 55% drengja. Meðaltalið fyrir OECD ríkin er 60% fyrir stúlkur og 49% fyrir drengi. Íslenskri unglingar eru metnaðargjarnari en unglingar á öðrum Norðurlöndum. Í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi stefna í kringum 40% unglunga á störf fyrir háskólamenntaða.

Kynjamunur í vali á framtíðarstörfum er svipaður hér á landi og annars staðar, fleiri strákar stefna á nám í verkfræði á meðan fleiri stúlkur stefna á nám í heilbrigðisgreinum. Konur eru 59% allra brautskráðra í fræðilegu grunnnámi á háskólastigi innan OECD að meðaltali. En karlar eru líklegri til að útskrifast með doktorsgráðu. Á Íslandi voru konur 69% brautskráðra með BA gráðu, 62% með MA gráður og 44% með doktorsgráðu. Eins og næsta mynd sýnir eru íslenskar konur með hæsta hlutfall kynjanna úr grunnnámi innan OECD, en það sama verður ekki sagt um doktorspróf.



Hluttur kynjanna meðal brautskráðra eftir fagsviðum er mjög misjafn. Innan OECD eru karlar þrír af hverjum fjórum brautskráðum úr verkfræði. Myndin sýnir hlut kvenna af brautskráningum eftir fagsviðum á Íslandi árin 2000 og 2010. Hluttur kvenna er lægri í verkfræði og mannvirkjagerð, raunvísindum, stærðfræði og tölvunarfræði. Aftur á móti eru konur yfir 80% brautskráðra í menntunarvísindum og heilbrigðisvísindum. Ef þróunin er borin saman milli ára 2000 og 2010 þá má sjá að konur hafa aukið hlut sinn í verkfræði og lífvísindum, hins vegar hefur dregið úr brautskráningum kvenna í raunvísindum, stærðfræði og tölvunarfræði.





#### **A5. Hversu vel standa innflytjendur sig í skóla?**

Ísland tók þátt í gagnaöflun um félagslegan bakgrunn nemenda og sérstaklega innflytjenda í síðustu PISA könnun 2009. Um tiltölulega fáa einstaklinga er að ræða og erfitt að meta áreiðanleika samanburðar við önnur aðildarríki OECD. Í þessum kafla er sjónum einkum beint að því vandamáli innan Evrópu að innflytjendur lenda saman í skóla og oft á tíðum í hverfum þar sem félagslegar aðstæður eru verri en hjá innfæddum. Reynt er að meta hvor þátturinn vegur þyngra, skólinn eða menntun foreldra, þegar meta skal áhrif á frammistöðu í lestri. Skýrslan segir að það sé sterk fylgni milli menntunar mæðra og frammistöðu í skóla (lestri) og það virðist skipta mun meira máli en fjöldi innflytjenda í skólanum eða fjöldi þeirra sem tala annað móðurmál innan skólans. Á Íslandi hefur menntun mæðra meiri áhrif á frammistöðu í námi heldur en fjöldi innflytjenda í skólanum eða fjöldi þeirra sem tala erlent tungumál heima hjá sér. (sjá myndir A5.1 og A5.2 í skýrslunni).

#### **A6. Að hve miklu leyti hefur menntun foreldra áhrif á sókn eftir háskólanámi?**

Minni líkur eru á því að börn foreldra, sem hafa ekki lokið formlegri menntun eftir grunnskóla, fari sjálf í háskóla. Miðað við meðallíkur á háskólanámi þá eru líkur þessa hóps 0,44 innan OECD en 0,73 á Íslandi. Reyndar eru hvergi en á Íslandi betri líkur á því að ungt fólk, sem eiga foreldra með litla menntun, sækji háskóla. Aftur á móti eru helmingi meiri líkur á því að börn foreldra þar sem a.m.k. annað þeirra hefur háskólamenntun fari í háskóla. Á Íslandi er þessi munur minni eða 1,36. Þetta bendir til að menntun foreldra hafi ekki eins mikil áhrif á menntunarmöguleika nemenda eins og í öðrum ríkjum OECD. Ungt fólk í aldurshópnum 25-34 ára sem kemur úr erfiðum félagslegum bakgrunni hefur góða möguleika á frekari menntun á Íslandi miðað við önnur lönd OECD.

Innan OECD hafa 66% þeirra, sem eiga foreldra með háskólamenntun, lokið háskólagráðu, en samsvarandi hlutfall sem eiga foreldra sem hafa lokið framhaldsskólamenntun er 37%, og meðal þeirra sem eiga foreldra sem hafa ekki lokið neinni menntun eftir grunnskóla þá er hlutfallið 20%. N´sta tafla sýnir samsvarandi tölur fyrir Ísland auk þess að sýna sambandið eftir menntunarstöðu mæðra og feðra. Á Íslandi höfðu 54% fólks á aldrinum 25-34 ára sem áttu foreldra með háskólamenntun lokið háskólaprófi, 25% með foreldra með framhaldsskólapróf og 32% með foreldra sem höfðu aðeins grunnskólapróf. Meiri líkur eru á því að þessi hópur hafi háskólamenntun ef móðir er með háskólamenntun (59%) en ef aðeins faðirinn hefur háskólamenntun (49%).

## Menntunarstaða ungs fólks sem er ekki í skóla eftir menntunarstöðu foreldra

		Báðir foreldrar				Feður				Mæður			
		Grunn	Framh	Hásk	Samtals	Grunn	Framh	Hásk	Samtals	Grunn	Framh	Hásk	Samtals
Menntunarstaða 25-34 ára	Grunn	41%	33%	26%	33%	50%	41%	32%	40%	30%	21%	20%	23%
	Framh	27%	41%	20%	31%	18%	40%	19%	29%	37%	44%	21%	34%
	Há	32%	25%	54%	36%	31%	19%	49%	30%	32%	36%	59%	43%
	Samtals	24%	44%	31%	100%	22%	50%	28%	100%	27%	37%	36%	100%

Athygli vekur hversu margir úr þessum hópi ljúka háskólaprófi þrátt fyrir að foreldrar hafi aðeins lokið grunnskóla. Á hinum Norðurlöndunum er þessi tala umtalsvert lægri og hvergi er hlutfall þeirra, sem ljúka háskólaprófi, hærrí hjá þeim sem hafa foreldra með grunnskólapróf en á Íslandi. Á móti kemur að á Íslandi er stór hópur ungs fólks sem hefur aðeins grunnskólapróf. Þetta þýðir að sá ávinningurinn sem fæst hjá þeim sem bæta menntunarstöðuna umfram foreldrana er jafnaður út af þeim sem hafa minni menntun en foreldrarnir og enga menntun umfram grunnskóla. OECD skýrslan metur það svo að nemendur á Íslandi bæti menntunarstöðu sína tiltölulega lítið í samanburði við önnur OECD ríki (sjá mynd A6.5 í skýrslunni). Konur eru þó líklegri en karlar til að mennta sig betur en foreldrarnir og þetta á líka við á Íslandi.

**A7. Hvaða áhrif hefur menntunarstaða á þátttöku í vinnumarkaði?**

Atvinnuþátttaka er mjög almenn óháð menntun og munurinn eftir menntunarstöðu er óvíska jafn lítil og á Íslandi (sjá mynd A7.1 í skýrslunni). Hins vegar hefur atvinnuleysi aukist mest hjá þeim hópi sem er með minnstu menntunina. Atvinnuþátttaka kvenna með háskólamenntun er mjög há hér á landi miðað við önnur aðildarríki OECD og minni munur á þátttöku kynjanna. Noregur, Ísland og Svíþjóð skera sig þar úr (sjá mynd A7.3 í skýrslunni). Fólk sem hefur lokið starfsnámi á framhaldsskólastigi er almennt virkara á vinnumarkaði innan OECD og það sama á við á Íslandi. Atvinnuþátttaka fólks með starfsnám er mest á Íslandi 86% en 73% meðal stúdenta. Atvinnuleysi er lægra meðal starfsmenntaðra, 6,2% á móti 9,4%, og 19% þeirra sem eru með stúdentspróf taka ekki þátt í vinnumarkaðnum (eru óvirkir) á meðan hlutfallið er 8,4% hjá starfsmenntuðum, en þar eru konur í miklum meirihluta.

**A8. Hvernig kemur menntunarstaða fram í launakjörum?**

Engar upplýsingar um Ísland.

**A9. Hvaða hvatar eru til að fjárfesta í menntun?**

Engar upplýsingar um Ísland.

**A10. Hvernig hefur menntun áhrif á hagvöxt, launakostnað og launakjör?**

Á síðasta áratug hefur um helmingur af öllum vexti í vergri landsframleiðslu í aðildarríkjum OECD stafað af tekjuaukningu hjá háskólamenntuðu vinnuafl. Atvinnurekendur borga að jafnaði tvöfalt meira fyrir háskólamenntað vinnuafl en fyrir grunnskólamenntað. Eftir því sem hlutfall háskólamenntaðra af vinnuafl hækkar þá minnkar launamismunur milli minnst og mest menntaðra. Launakostnaður er örlítið hærrí á Íslandi en að meðaltali innan OECD fyrir öll menntastig en lægst af Norðurlöndunum (sjá mynd A10.3 í skýrslunni). Laun að frádregnum skatti hjá háskólamenntuðum á íslenskum vinnumarkaði er undir meðaltali OECD en ekki nema lítilega lægri en í Finnlandi og Danmörku og mjög svipuð og í Frakklandi (sjá mynd A10.6 í skýrslunni). (Ath. Með fyrirvara um áreiðanleika talna. Tölur eru frá 2009 nema hjá Íslandi, þær eru frá 2006. Tekið tillit til mismunar á kaupgetu með PPP vísitölu.).

**A11. Hver eru félagsleg áhrif menntunar?**

Engar upplýsingar um Ísland.

## B. Fjármagn og mannauður sem lagður er í menntakerfið.


### B1. Hver eru útgjöld á hvern nemanda?

Öll útgjöld eru talin fram í bandaríkjadollurum (USD) að teknu tilliti til gengis gjaldmiðla og kaupgetuvísitölu (PPP). Miðað er við árið 2009 nema annað sé tekið fram. Innifalin eru opinber útgjöld, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, sem og útgjöld heimila.


Taflan sýnir árlegan heildarkostnað á hvern nemanda fyrir Ísland og nokkur viðmiðunarlönd. Meðalkostnaðurinn fyrir öll skólastig á Íslandi er 9.429 USD sem er aðeins hærra en meðaltal OECD landa en lægra en á öðrum Norðurlöndum.

	Leikskóli	Grunnskóli, yngsta- og miðstig	Grunnskóli unglingsstigi	Framhalds og viðbótastig	Háskólastig	Háskólar án R&B	Öll skólastig
Ísland	9.636	10.099	9.778	7.934	9.939	m	9.429
Noregur	6.696	11.833	12.505	14.983	19.269	11.290	14.020
Danmörk	8.785	11.166	11.078	10.996	18.556	m	12.523
Svíþjóð	6.549	9.382	9.642	10.375	19.961	8.531	11.400
Finnland	7.368	11.338	7.739	8.947	16.569	10.085	9.910
OECD	6.629	7.764	8.879	9.457	18.801	8.889	9.170

Leikskólastigið er áberandi dýrara á Íslandi en meðaltal aðildarríkja OECD og á öðrum Norðurlöndum. Þó ber að taka þessum tölum með nokkrum fyrirvara, þar sem ekki er allur kostnaður tekinn með, aðeins er reiknað með börnum þriggja ára og eldri og ekki er reiknað með öllum skóladeginum. Auk þess er leiksskólakerfið mismunandi eftir löndum sem getur haft áhrif á flokkun kostnaðar. Samanburður ætti að vera nokkuð raunhæfur milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar. Oft hefur verið bent á að grunnskólastigið sé dýrt hér á landi, og miðað við meðaltal OECD þá eru árleg útgjöld á nemanda hærri fyrir bæði 1. – 7. Bekk (ISCED 1) og 8. – 10. bekk (ISCED 2, OECD greinir grunnskólann í tvö skólastig því að í sumum löndum er grunnskólinn ekki eitt samfellt skólastig eins og hér á landi). Hins vegar er kostnaðurinn ekki hár í samanburði við Norðurlöndin. Yngra stigið er lægst í Svíþjóð, næst lægst á Íslandi og hæst í Noregi, unglingsstigið er lægst í Finnlandi, dýrast í Noregi en Íslandi í þriðja sæti. (Hagstofan notar eigin reiknireglu til að skipta kostnaði grunnskólans fyrir unglingsstigið). Framhaldsskólastigið er lægra en meðaltal OECD og lægst af öllum Norðurlöndunum. Háskólastigið er svo mun lægra en bæði meðaltal OECD og Norðurlanda. Árlegur kostnaður við háskólanema hér á landi er 53% af meðaltalskostnaði OECD og um helmingur kostnaðar í Svíþjóð. Útgjöld vegna rannsókna og þróunar (R&B) virðist veða þungt í kostnaði á háskólastigi. OECD reynir að greina R&B frá heildarkostnaðinum en sum lönd gefa ekki upp þær tölur, þ.m.t. Ísland, þannig að sá samanburður er erfiður. Næsta mynd sýnir samanburð á kostnaði við háskólanema eftir löndum, greint eftir grunnskólastigi og R&B, en Ísland og Danmörk gefa bara upp heildarkostnað með R&B kostnaði innifalinn. Í heildarkostnaði kemur einnig fram fjárstuðningur til nemenda, t.d. framlög til lánasjóða og í námsstyrki. Á myndinni má sjá að ef R&B er tekið út úr kostnaði vegna háskólastigs í Svíþjóð þá er árlegur kostnaður vegna háskólanema 8.531 USD eða 57% af árlegum heildarkostnaði og innan OECD er R&B 53% af heildarkostnaði. Fróðlegt væri að sjá hversu stór hluti R&B vegur í kostnaði vegna háskólanema á Íslandi, en þær tölur eru ófánlegar.



OECD reynir að bera saman kostnað á hvern nemanda milli þjóða til að meta hve mikið þau fjárfesta í menntun nemenda sinna, sem hlutfall af þjóðarauði. Sum ríki eru fátækari en önnur og eru þar af leiðandi ekki aðstöðu til að eyða eins miklu á hvern nemanda. Mynd B1.5 hér að neðan sýnir kostnað á hvern nemanda (y) eftir vergri landsframleiðslu á mann (x). Hún sýnir að það er fylgni, eins og búast mætti við, milli þjóðarauðs á mann og útgjalda á hvern nemanda. Af myndinni má sjá að útgjöld á hvern háskólanema er lægri hér á landi en hjá flestum öðrum aðildarríkjum OECD miðað við landsframleiðslu á mann. Útgjöld til grunnskóla og framhaldsskóla er nær meðalkúrfunni. (Mynd B1.5)





Source: OECD. Tables B1.1a, B1.4 and Annex 2. See Annex 3 for notes ([www.oecd.org/edu/eag2012](http://www.oecd.org/edu/eag2012)).



Ein helsta ástæðan, sem er tilgreind fyrir því að útgjöld á hvern nemanda á háskólastigi eru svo lág á Íslandi, er sú að háskólanemum hafi fjölgað hratt á skömmum tíma og fjárfestingar í háskólakerfinu hafi ekki náð að fylgja þeirri öru þróun eftir. Þetta er ekki séríslenskt vandamál, enda hefur háskólastudentum víða fjölgað hratt og ríkin hafa reynt að fylgja þróuninni eftir með breytingum á fjármögnun háskólakerfisins. Til að meta hvernig ríkjum hefur gengið að svara þessari þróun þá ber skýrslan saman breytingar á fjölda háskólanema milli árana 2000 og 2009 og breytingar á útgjöldum til skólastiga fyrir sama tímabil.

Myndin á næstu síðu (mynd B1.6) ber saman breytingar á fjölda nemenda milli árana 2000 og 2009 (guli ferningurinn), breytingar á útgjöldum til háskólastigsins (blái ferningurinn) og breytingar á útgjöldum á hvern nemanda (svarti tígullinn). Efri hluti myndarinnar sýnir þróunina fyrir öll skólastig fyrir neðan háskólastigið (að undanskildu leikskólastigi). Þar hefur orðið smávægileg aukning á fjölda nemenda (8%) en heildarútgjöld hafa aukist um 40% og útgjöld á hvern nemanda hafa aukist um 30%. Á háskólastigi hefur orðið mikil fjölgun nemenda (66%) og heildarkostnaður háskólastigsins hefur aukist um 59% en útgjöld á hvern nemanda drógust saman um 4%. Af þessu má draga þá ályktun að Íslandi hafi ekki tekist að svara fjölgun nemenda þrátt fyrir stóraukin útgjöld til háskóla. Til samanburðar má benda á að Tékkland, Slóvakía og Pólland hafa sömuleiðis verið að glíma við verulega fjölgun háskólanema, en útgjöld í þeim löndum hafa aukist meira en sem nemur fjölgun nemenda og útgjöld á hvern nemanda hafa aukist þrátt fyrir fjölgunina.

**Chart B1.6. Changes in the number of students and changes in expenditure per student by educational institutions, by level of education (2000, 2009)**




1. Public institutions only.  
 2. Public expenditure only.  
 3. Some levels of education are included with others. Refer to "x" code in Table B1.1a for details.  
 Countries are ranked in descending order of change in expenditure per student by educational institutions.

## B2. Hversu stóran hluta af þjóðarauði er varið til menntunar?

Ísland hefur verið eitt af þeim aðildarríkjum OECD sem hafa varið stærstum skerf af þjóðarauði til menntamála og sú varð einnig raunin árið 2009 en þá var varið 8,1% af vergri landsframleiðslu (VLF), meira en í nokkru öðru ríki innan OECD. Næst kom Kórea með 8,0%. Árið 2000 var hlutfallið 7,1% og árið 2005 var það 8,0%. Útgjöldin skiptust þannig að 3,7% runnu til grunnskóla (ISCED 1 og 2), 1,5% til framhaldsskóla og viðbótarstígs, og 1,3% til háskólastígs. Meðaltalshlutfall heildarútgjalda innan OECD var 6,3%, sem skiptist þannig að 2,6% runnu til grunnskóla, 1,3% til framhaldsskóla og viðbótarstígs, og 1,6% til háskólastígs.

Útgjöld vegna leikskólastígsins á Íslandi nam 1,0% en meðaltal OECD var 0,5%. (Aðeins eru tekin með útgjöld vegna barna þriggja ára og eldri og aðeins hluti af heildardagvistun telst til menntamála). Hlutfallið var hæst á Íslandi og Danmörku.

Í öllum aðildarríkjum OECD nema einu varð aukning á útgjöldum, sem hlutfall af VLF, milli árána 2008 og 2009 þrátt fyrir efnahagslegan samdrátt. Samdráttur varð í útgjöldum til fræðslumála á Íslandi en þrátt fyrir það varð aukning um 2,7% í útgjöldum sem hlutfall af VLF, þar sem VLF dróst meira saman en sem nam samdrætti í útgjöldum, eins og myndin ber með sér.



## B3. Hvernig skiptast útgjöld milli opinberra aðila og einkaaðila?

Almennt standa opinberir aðilar straum af kostnaði vegna menntakerfisins á Norðurlöndum og útgjöld heimila og einkaaðila eru hvergi minni nema í Sviss og Lúxemborg. Hlutfall einkaaðila í útgjöldum vegna háskólastígsins eru hæst í Svíþjóð af Norðurlöndum en svo kemur Ísland á undan Danmörku, Finnlandi og Noregi. Á Íslandi er hlutfallið 8,0% fyrir háskólastigið en meðaltal OECD er 30% og í sex ríkjum er hlutfallið yfir 50%. Útgjöldin á Íslandi skiptast þannig að 7,4% eru útgjöld heimila og 0,6% eru útgjöld annarra einkaaðila. Í Svíþjóð er kostnaður heimila ekki talinn fram þannig

að einkaaðilar greiða 10,2% af útgjöldum háskóla. Innan OECD greiða heimili 12,9% á móti 6,5% einkaaðila.

#### **B4. Hver eru heildarframlög hins opinbera til menntamála?**

Önnur aðferð til að bera saman útgjöld til menntamála er að skoða hversu stóran skerf af heildarútgjöldum hins opinbera fara til menntamála. Á Íslandi var hlutfallið 15,3% samkvæmt skýrslunni en meðaltalið innan OECD var 12,9% (B4.1). Hlutfallið var aðeins minna en í Noregi (15,7%) og aðeins meira en í Danmörku (15,1%). Svíþjóð og Finnland eru undir meðaltali OECD. Hlutfallið á Íslandi 2009 var svipað og það var árið 2000 en lægra en 2005. Í flestum löndum OECD hafa útgjöld lækkað sem hlutfall af heildarútgjöldum.

Um þrjú fjórðu hlutar (26,8%) fjármagns til menntakerfisins kemur frá sveitarfélögum en einn fjórði frá ríkinu. Mjög misjafnt er hvernig þessu er hagað meðal aðildarríkja OECD, í sumum eiga öll fræðsluútgjöld uppruna sinn að rekja til ríkisins (t.d. Írland) á meðan að hjá öðrum fara þau alfarið í gegnum sveitarfélög eða sjálfstjórnarhéruð (t.d. Sviss). Í Noregi eru bein framlög frá ríkinu þau minnstu á Norðurlöndum, 8,5%.

#### **B5. Hversu mikið borga háskólanemendur og hvers konar stuðning fá þeir frá hinu opinbera?**

Í þessum kafla eru bornar saman þær ólíku leiðir sem aðildarríki OECD fara í sambandi við skólagjöld og fjárstuðning við nemendur á háskólastigi. Mikill munur er milli þjóða í þessu efni. Í átta ríkjum eru engin skólagjöld. Í þriðjungi ríkjanna þurfa nemendur að borga meira en sem svarar 1.500 USD. Oft fara saman há skólagjöld og stór framlög einkaaðila til háskólakerfisins. Það hefur færst í aukana að erlendum háskólanemendum sé gert að greiða hærri skólagjöld og í sumum löndum eru skólagjöld mismikil eftir fagsviðum. Að meðaltali þá er 21% af útgjöldum til háskólastigsins varið til að styrkja háskólanemendur. Á Íslandi þiggja 63% háskólanemenda námslán. Samanburður er erfiður við önnur lönd því ekki eru upplýsingar frá öllum löndum og sums staðar hljóta nemendur styrki að hluta til eða öllu leyti.

Fjárframlög vegna námslána á Íslandi námu tæpum 25% af heildarframlögum til háskólastigsins. Bein fjárframlög til háskóla eru 75% af heildarútgjöldum en meðaltal OECD er 79,5%. Í Svíþjóð er hlutfallið það sama og á Íslandi, lægst er það í Noregi af Norðurlöndum (59,7%) og hæst í Finnlandi (84,2%).

#### **B6. Hvernig skiptast útgjöld milli stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar?**

Ein skýring á miklum kostnaði vegna grunnskóla á Íslandi, sem hefur verið haldið fram, er að stofnkostnaður sé hærri hér vegna margra, smárra en velbúinna skóla, sem margir hverjir hafa byggst upp á undanförunum árum. Samanburður milli aðildarríkja OECD styður ekki þessa tilgátu. Hlutfall stofnkostnaðar af heildarútgjöldum til grunnskóla liggur mjög nærri meðaltali OECD, eða 10,3% á Íslandi og 9,1% innan OECD. Hlutfallið fyrir framhaldsskóla er 6,7% á Íslandi en 8,4% innan OECD. Stofnkostnaður er hæstur í Noregi af Norðurlöndunum, 14,1%.

Skýrslan skoðar líka hlutfall launakostnaðar af rekstrarkostnaði. Þar sker Ísland sig heldur ekki úr, þar sem laun voru 78,7% af rekstrarkostnaði á grunnskólastigi en hlutfall OECD er 79%. Hæst er hlutfallið í Danmörku meðal Norðurlanda 80,2% en lægst 65,7% í Finnlandi. Fyrir framhaldsskólastigið er hlutfallið 72,6% á Íslandi en 77,8% innan OECD. Hæst er hlutfallið 81,8% í Danmörku en lægst í Finnlandi 63,9%.

Ísland gefur ekki upp hlutfall stofnkostnaðar fyrir háskólastigið, en hlutfall launakostnaðar af heildarkostnaði er 77,7%.

#### **B7. Hvaða þættir hafa áhrif á útgjöld?**


Í kafla B7 er gerð tilraun til að meta hvernig ákveðnir þættir hafa áhrif á breytingar á útgjöldum vegna hvers nemandar milli árána 2000 og 2010, en þeir eru launakostnaður kennara, kennslutími kennara, skólaviðvera nemenda, bekkjarstærð og fjöldi nemenda á hvern kennara. Á grunnskólastigi á Íslandi vegur skólaviðvera nemenda þyngst á metunum, auk launakostnaðar og bekkjarstærð, en fjöldi nemenda á hvern kennara og kennslutími kennara hafa lítil áhrif. (Tafla B7.2 í skýrslunni)

## C. Aðgengi að menntun, menntunarbátttaka og námsgengi

### C1. Hverjir sækjast eftir menntun?

Hlutfall fólks á þrítugsaldri (20 – 29 ára) sem sótti skóla jókst um 10% frá 1995 til 2010 innan OECD. Innritunum í þessum hópi fjölgaði sérstaklega mikið á Íslandi milli ára 2009 og 2010, eins og í Svíþjóð, Írlandi, Spáni og Tyrklandi. Á Íslandi var innritunarhlutfallið fyrir aldurshópinn 20-29 ára 38,2% (33,7% karla, 42,8% kvenna), innan OECD var hlutfallið 26,5% en á Norðurlöndunum var hlutfallið hæst í Finnlandi 41,7%. Á aldursbilinu 30 – 39 ára voru 13,7% í skóla á Íslandi (10% karla og 17% kvenna).

Myndin sýnir þróun innritunarhlutfalls á Íslandi og í nokkrum völdum ríkjum. Innritunarhlutfallið hefur alls staðar verið að aukast.




Einhver hluti þeirra, sem eru á aldursbilinu 20 – 29 ára og stunda nám á Íslandi eru enn í framhaldsskóla. Gögnin greina ekki í sundur eftir skólastigi fyrir þennan aldurshóp en þar er aftur á móti að finna áhugaverða greiningu milli framhaldsskóla- og háskólastigs fyrir aldurinn 15 – 20 ára. Á Íslandi eru 38% tvítugra skráðir í framhaldsskólanám og 23% í háskóla. Hlutfall tvítugra í framhaldsskóla er hvergi hærra innan OECD, en meðaltalið er 12% í framhaldsskóla og 36% í háskóla. Til samanburðar þá er í þrettán ríkjum OECD hærra hlutfall átján ára skráðir í háskóla en tvítugra á Íslandi sem sýnir þann mikla mun sem er milli landa hvað varðar lengd skólagöngu á framhaldsskólastigi.

Tæplega 30% nemenda á háskólastigi í fræðilegu námi eru í hlutanámi, en í starfsnámi á háskólastigi (ISCED 5B) þá eru 55% í hlutanámi. Meðaltal OECD fyrir fræðilegt háskólanám er 20%.

Í skýrslunni er reynt að spá fyrir um þróun skólasóknar til ársins 2020 miðað við óbreytt innritunarhlutfall. Myndin sýnir þróunina fyrir Ísland samkvæmt skýrslunni. Miðað er við árið 2005 (100) og reiknað út hversu mikið skólasókn í viðkomandi aldurshópi muni aukast eða minnka miðað

við óbreytt innritunarhlutfall 2010. Almennt er gert ráð fyrir að skólasókn muni aukast til ársins 2015 en síðan jafnast út til 2020.



Skýrslan gerir ráð fyrir að meðallengd skólagöngu einstaklings á Íslandi á aldursbilinu 5 – 39 ára fyrir öll skólastig sé 17,3 ár. Meðaltalslengd innan OECD er 16,5 ár. Konur eru einu ári lengur í skóla á Íslandi (17,8 ár fyrir konur, 16,7 ár fyrir karla). Svipaðan mun er einnig að finna á Norðurlöndunum.

### **C2. Samanburður á leikskólastiginu milli landa.**

Athyglin hefur í auknum mæli beinst að leikskólastiginu hjá OECD. Fram að þessu hefur tölfraði leikskólastigsins verið ábótavant, m.a. vegna þess að þau kerfi sem eru við lýði eru svo ólík eftir löndum. Í kaflanum gerir skýrslan tilraun til að henda reiður á hvað er líkt og hvað ólíkt milli lþeirra.


- Í 17 aðildarríkjum OECD er skólasókn fjögurra ára barna um eða yfir 90%.
- Eins og annars staðar hefur komið fram þá eru útgjöld vegna leikskólastigsins hæst á Íslandi og Danmörku (Mynd C2.2 í skýrslunni, miðað við VLF).
- Á Íslandi og í Svíþjóð eru fæstir nemendur á hvern leikskólakennara, rúmlega sex börn á hvern kennara. Meðaltal OECD er 14 börn á hvern kennara. Í Frakklandi eru yfir 20 börn á hvern leikskólakennara.

### **C3. Hversu margir nemendur munu sækja sér háskólamenntun?**


Miðað við núverandi skólasókn þá má gera ráð fyrir að 62% ungs fólks í aðildarríkjum OECD muni sækja sér fræðilegrar háskólamenntunar einhvern tímann á lífsleiðinni, og 49% þeirra fyrir 25 ára aldur.

Innritunarhlutfallið í fræðilegt háskólanám er afar hátt á Íslandi, eða 93%. Það kemur þó í ljós að erlendir nemendur sem stunda nám á Íslandi setja verulegt strik í reikninginn. Þegar erlendir nemendur eru teknir út þá er innritunarhlutfallið 62% og 55% undir 25 ára aldur. Það er samt nokkuð hátt ef haft er í huga að brautskráningarlutfallið úr framhaldsskóla fyrir bæði bóknám og verknám undir 25 ára er 70% (sbr. A.2).

Þróun innritunarhlutfalls á Íslandi hefur fylgt þróuninni á Norðurlöndunum nokkurn veginn, en þá verður að hafa í huga að ekki er búið að gera ráð fyrir innritunum erlendra háskólanema sem gætu haft áhrif á myndina.



Í öllum aðildarríkjum OECD eru félagsvísindi, viðskipta- og lögfræði vinsælasta fagsviðið meðal nýnema. Á Íslandi var þriðjungur af innritunum á þessu fagsviði en í Danmörku var hlutfallið 39%. Næst koma hugvísindi og menntavísindi með 29%, en þau skiptast þannig að 12% innrituðust í menntavísindi og 17% í hugvísindi og listir. Í raunvísindi innrituðust 12% á Íslandi sem er hæsta hlutfall nýnema á Norðurlöndum þó ekki muni miklu, meðaltal OECD var 10%. Innritun í verkfræðigreinar var 11% á Íslandi sem var lægst af Norðurlöndum en hæst í Finnlandi 25%, meðaltal OECD var 15%.



**CA. Hverjir mennta sig erlendis og hvar?**

Í þessum kafla fjallar skýrslan um hreyfanleika háskólanema milli landa. Meðal annars er athyglinni beint að þeim mikla fjölda asískra háskólanema sem stunda nám erlendis, en 52% allra erlendra háskólanema í heiminum eru frá Asíu (m.a. Kína, Kóreu og Indlandi). Sem dæmi má nefna að í Svíþjóð koma 45% erlendra námsmanna frá Asíu. Erlendir námsmenn frá Evrópulöndum eru 22,7% af

heildarfjöldi erlendra háskólanema í heiminum. Fjöldi erlendra námsmanna skráðir í nám í OECD ríkjum var þrjár sinnum meiri en fjöldi námsmanna frá OECD ríkjum sem stunduðu nám erlendis. Frá 2000 til 2010 hefur fjöldi námsmanna sem stundar nám erlendis í heiminum tvöfaldast, var 2,1 milljón árið 2000 en var orðinn 4,1 milljón árið 2010.

Fjöldi erlendra námsmanna á háskólastigi á Íslandi var 1.080 árið 2010, sem var 4,9% allra háskólanema. Frá árinu 2000 hafði erlendum námsmönnum fjölgað um meira en helming þegar 403 stunduðu nám á Íslandi. Hlutfall erlendra háskólanema hér á landi var hærra en í Finnlandi (4,1%) og Noregi (1,5%), en lægra en í Danmörku (7,5%) og Svíþjóð (6,9%). Meðaltal OECD var 8,0%. Á Íslandi voru 44% erlendra námsmanna innritaðir í hugvísindi, listir og menntavísindi. (Tafla C4.1) 77% erlendra námsmanna á Íslandi komu frá einhverju OECD ríkjanna, flestir frá Þýskalandi (15%). Frá Asíu komu 8,7%, frá Norður-Ameríku 9,4% og frá Afríku 1,6%. (Tafla C4.3)

19,6% íslenskra háskólanema stunduðu nám erlendis sem er hæsta hlutfall innan OECD fyrir utan Lúxemborg (Tafla C4.5). Þetta er mun hærra tala en búast mætti við af tölum Hagstofunnar á vefnum, en samkvæmt þeim tölum ætti hlutfallið að vera í kringum 12%. Mismunurinn stafar af því að tölur Hagstofunnar byggja á tölum frá LÍN en tölur OECD koma frá nemendaskrá hvers lands (innan OECD; námsmenn utan OECD koma ekki fram, en þeir eru sárafáir; erlendir námsmenn við nám á Íslandi eru ekki teknir með í heildartölu um námsmenn sem hlutfallið er reiknað út frá).

Samkvæmt tölum OECD voru 3.771 íslenskir námsmenn við nám erlendis, þar af 3.749 innan OECD. Samkvæmt tölum Hagstofunnar/LÍN fyrir árið 2010 voru 2.248 við nám á heimsvísu, sem þýðir að 1.523 námsmenn koma ekki fram í tölum Hagstofunnar/LÍN. Af Norðurlöndum kemur Noregur næst með 6,7% hlutfall nemenda við nám erlendis.

Íslenskir námsmenn leituðu flestir til Danmerkur eða 46% íslenskra námsmanna erlendis og 6,4% erlendra námsmanna í Danmörku voru frá Íslandi. (Tafla C4.4 ber ekki saman við gögn um fjölda námsmanna í töflu C4.7, sem er ekki birt í skýrslunni, en sem útreikningar byggjast á, þ.a.l. er stuðst við C4.7 frekar en C4.5 til að meta hlutfall íslenskra námsmanna í einstökum löndum.) Í ljósi mismunar á tölum Hagstofunnar og OECD þá voru 972 við nám í Danmörku samkvæmt Hagstofunni en OECD gefur upp 1.730 námsmenn, þannig að stærstur hluti þeirra námsmanna sem ekki koma fram í tölum Hagstofunnar/LÍN eru við nám í Danmörku. Taflan sýnir fjölda íslenskra námsmanna eftir löndum árið 2010 og árið 2008 til samanburðar. Samtals fjölgun er 141, sem er um 1%.


**Íslenskir námsmenn við háskólanám erlendis  
eftir löndum 2010, 2008**

Land	Fjöldi 2010	Fjöldi 2008
Danmörk	1730	1747
Noregur	300	267
Svíþjóð	434	369
Finnland	13	21
Bretland	288	340
Írland	61	6
Bandaríkin	403	402
Kanada	42	54
Þýskaland	103	89
Austurríki	33	24
Sviss	22	21
Holland	95	79
Belgía	7	5
Frakkland	33	36
Spánn	22	11
Ítalía	10	7
Ungverjaland	77	62
Tékkland	1	5
Slóvakía	4	2
Pólland	6	5



Eistland	3	2
Grikkland	2	1
Lúxemborg	3	1
Rússland	3	5
Ástralía	32	37
Nýja-Sjáland	6	14
Japan	19	18
Utan OECD	22	5
Alls	3771	3630

Myndin sýnir skiptingu íslenskra námsmanna við háskóla erlendis eftir helstu löndum og svæðum. Íslenskir námsmenn voru langfjölmennastir í Danmörku (46%) en samtals voru tveir af hverjum þremur íslenskum námsmönnum erlendis við nám á Norðurlöndunum. Í enskumælandi löndum, Bretlandseyjum og Norður-Ameríku, voru 21% námsmanna erlendis.



**C5. Frá skóla til vinnumarkaðar: hvar eru 15-29 ára gömul ungmenni?**

Í þessum kafla skoðar skýrslan sambandið milli menntunar, atvinnu og atvinnuleysis. Ísland er í hópi þjóða þar sem hefur orðið markverð aukning milli árunna 2008 og 2010 á hlutfalli ungs fólks sem er ekki í skóla eða í vinnu og hefur ekki hlotið starfsþjálfun. (Mynd C5.4)

**C6. Hversu margir fullorðnir taka þátt í menntun og starfsþjálfun?**

Engar upplýsingar um Ísland.

## D. Skólaumhverfið og skipulag skólastarfs.

### **D1. Hversu miklum tíma verja nemendur í skólastofunni?**

Í skýrslunni er skoðaður uppsafnaður tími í skólastofunni sem börn fá á aldrinum frá 7 til 14 ára aldurs (6 ára og 15 ára eru ekki tekin með vegna mismunar á skólakerfum í sumum ríkjum). Ísland er heldur fyrir ofan meðaltal OECD í þessum samanburði. Öll Norðurlöndin eru með skemmri uppsafnaðan tíma en Ísland.

Í kaflanum er skoðað hvernig skólaganga grunnskólakennara skiptist eftir námsgreinum, þar sem tekin eru fyrir þrjú tímabil, 7 – 8 ára, 9 – 11 ára og 12 – 14 ára. Á öllum þessum tímabilum var sá tími sem er áætlaður í móðurmálskennslu, sem hlutfall af heildartíma, minni á Íslandi en í flestum ríkjum OECD. Yngsti hópurinn, 7 – 8 ára, fær minnstu kennsluna hlutfallslega miðað við önnur börn innan OECD, 20% af heildartíma þar sem meðaltalið er 30% (þetta þarf ekki að þýða að eiginlegur tími er stytur, heldur er um hlutfall af heildartíma að ræða). Fyrir 9 – 11 ára börn er tíminn sá fjórði lægsti (16% þar sem meðaltalið er 22%) og fyrir 12 – 14 ára þá er hann fyrir neðan meðaltal OECD (14% þar sem meðaltalið er 16%). Þá er ekki tekið tillit til þess hversu miklum tíma í varið í valfög og hvernig skólar ráðstafa þeim tíma, t.d. í móðurmálskennslu. Miðað er við viðmiðunarstundaskrá námskrár, ekki raunverulega kenndan tíma.

### **D2. Hversu margir nemendur eru á hvern kennara og hvað eru bekkir stórir?**

Bekkir á Íslandi voru frekar fámennir í samanburði við aðildarríki OECD, u.þ.b. 18 nemendur að meðaltali í 1. – 7. bekk og 20 nemendur að meðaltali í 8. – 10. bekk. Hefur sú tala haldist nánast óbreytt frá 2000 (Mynd D2.1 í skýrslunni). Meðaltal OECD var 21,2 fyrir yngri bekki og 23,4 fyrir eldri bekki.

Á Íslandi voru 10,3 nemendur á hvern kennara í grunnskóla. Meðaltal OECD var 13,7 kennarar. Ísland hefur í mörg undanfarin ár verið með hvað fæsta nemendur á hvern kennara, en nú bregður svo við að í nokkrum ríkjum er fjöldi nemenda enn færri, þ.á.m. í Noregi, Finnlandi, Slóveníu, Belgíu, Austurríki og Portúgal. Á framhaldsskólastigi voru 11,3 nemendur á hvern kennara og meðaltali OECD var 13,8, en þar er samanburður erfiðari vegna mismunandi fyrirkomulags kennslu. Á háskólastigi voru 10,5 nemendur á hvern kennara en meðaltal OECD er 15,5, en tölur vantar frá mörgum löndum.

### **D3. Hver eru launakjör kennara?**

Árslaun grunnskólakennara með 15 ára starfsreynslu á Íslandi var 27.930 USD árið 2010. Það er fyrir neðan meðaltal OECD sem var 37.603 USD. Árslaunin voru hæst í Danmörku af Norðurlöndunum, rúmlega 50.000 USD (Mynd D3.1 í skýrslunni). Grunnskólakennarar eru hálfdrættingar á við aðra háskólmenntaða á íslenskum vinnumarkaði, en í flestum ríkjum OECD eru kennaralaun lægri en meðallaun háskólmenntaðra á vinnumarkaði viðkomandi ríkja (að meðaltali 0,82). Árslaun framhaldsskólakennara (28.103 USD) eru sömuleiðis fyrir neðan meðaltalið.

### **D4. Hversu stórum hluta vinnutímans verja kennara til kennslu?**

Litlar sem engar breytingar hafa orðið á kennslutíma sem hlutfall af vinnutíma grunnskólakennara áratuginn frá 2000 til 2010 og á það sama við um Ísland (Mynd D4.1 í skýrslunni). Á Íslandi kenndi grunnskólakennari 624 klukkustundir yfir skólaárið, meðaltal OECD var 782 fyrir yngri stig og 704 fyrir unglingastig. Framhaldsskólakennari kenndi 544 klukkustundir, meðaltal OECD var 658. Íslenskir grunnskólakennarar vorðu minnstum tíma í kennslustofunni yfir skólaárið í samanburði við kennara á Norðurlöndunum, en það sama átti ekki við um framhaldsskólakennara því danskir og norskir kennarar vorðu minni tíma í kennslustofunni. Íslenskir framhaldsskólakennarar vorðu meiri tíma í kennslustofunni árið 2010 en tíu árum áður þegar þeir kenndu 464 klukkustundir.

### **D5. Hverjir eru kennarar?**

Í þessum kafla eru aldur og kyn kennara skoðað, auk upplýsinga um menntun, réttindi og ábyrgð í skólastarfi.

Tveir þriðju íslenskra framhaldsskólakennara eru 40 ára eða eldri. Athygli vekur að aldursdreifing framhaldsskólakennara er mjög svipuð á Íslandi og í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Árið 1998 voru 69,2% framhaldsskólakennara á Íslandi í þessum aldurshópi. 63% grunnskólakennara á Íslandi eru 40 ára eða eldri.

Hlutfall kvenna af grunnskólakennurum á Íslandi var yfir 80%, en víða var hlutfallið svipað eða hærra, sérstaklega á yngra og miðstigi grunnskólans. Hlutfallið lækkar á unglíngastigi í mörgum löndum. Í öllum OECD ríkjum var hlutfall kvenna meðal leikskólakennara yfir 90% og á Íslandi var hlutfallið 96%. Hlutfall kvenna meðal framhaldsskólakennara á Íslandi var um 50% en í meirihluta OECD ríkja var hlutfall kvenna hærra. Á Íslandi voru 47,3% háskólakennara konur, meðaltal OECD var 40,9%, hæst var hlutfallið í Finnlandi af Norðurlöndunum, 51.1%, en Ísland kom þar næst á eftir (D5.3).

**D6. Hverjir taka lykilákvæðanir í menntakerfinu?**

Grunnskólar á Íslandi eru frekar sjálfstæðir í ákvæðanatökum í samanburði við skóla í öðrum aðildarríkum OECD (Mynd D6.1).

**D7. Hvaða leiðum og þröskuldum standa nemendur frammi fyrir í framhaldsskóla- og háskólamenntun?**

Í þessum kafla er fjallað um lokapróf og inntökuskilyrði, og reynt að varpa ljósi á samanburð milli landa. Samræmd próf eru algengust á framhaldsskólastigi innan OECD en síður á grunnskólastigi. Í meiri hluta þeirra ríkja, sem tóku þátt í könnuninni (21/36), eru samræmd lokapróf á framhaldsskólastigi, sem flest hver gefa aðgang að háskóla (D7.2).